



Málverk eftir Valgarð Gunnarsson.

ein öflugasta listsprengja áttunda áratugsins, sem m.a. hefur lýst sér í vaxandi grósku listaverkasala, en sú verslun hafði dregist verulega saman meðan Conceptlistin stóð sem hæst. Þó svo að rætt sé um nýtt málverk, þá er hér á ferðinni stíltegund sem hefur gerjast t.d. nokkuð einangrað í Þýskalandi síðastliðin 20 ár. En auk þess má auðveldlega tengja það listasögunni, því þessir þrjár skólar (Þýskaland, Ítalía og Bandaríkin) styðjast allir við ákveðnar listmenningarhefðir. Sagt er að Bandaríska nýmálverkið rækti og framlengi hugmyndir Abstrakt expressionismans, að ít-

alirnir séu einna skyldastir Chagall, De Chirico og Picabia og að Þjóðverjarnir eigi rætur að rekja til þýsku expressionistanna eins og Kirchner og jafnvel listamanna líkt og Kandinsky, Heckel og Macke. Þannig sjáum við að Nýja málverkið er ekki ný listuppfirring og reyndar getum við fundið víðar álíka formræna einföldun og efnisverkun eins og t.d. í listverkum Cobra-manna og einnig L'art Brut. En þrátt fyrir ólíkan menningarlegan uppruna er æði margt sameiginlegt með þessum skólum eins og t.d. þessi sífellda ögrun. Listamennirnir hafna öllum akademískum reglum, riðla

hlutföllum, virða hvorki venjubundin tíma né rými og vilja auk þess stroka endanlega yfir öll ríkjandi fagurfræðileg gildi, — í Bandaríkjunum er talað um Bad Painting. Listfræðingurinn og gagnrýnandinn Patrick Frey, sem mikið hefur skrifað um Nýja málverkið, vill umfram allt undirstrika hina örvæntingarfyllu og óendanlegu hreyfingu sem kemur fram í mörgum þessara verka, sem virðast hvorki hafa upphaf né endi. Þá leggur hann einnig áherslu á að allar fjarlægðir hafa verið máðar út. Það eru ekki lengur neinar fjarlægðir milli hluta eða fólks og á sama tíma hefur áhorfandinn nálgast verkið og listamanninn. Andspænis Nýja málverkinu virðist áhorfandinn hafa álíka tæknilega tjáningarmöguleika og listamaðurinn. Áhorfandinn finnur því ákveðið samræmi milli sín og listaverksins og jafnvel milli sín og listamannsins. „Þetta hefði ég getað gert“, stynur áhorfandinn fullkomlega sáttur við það sem hann sér og skynjar. Þetta er kannski skýringin á því hve Nýja málverkið hefur átt greiðan aðgang að áhorfendum og þá sér í lagi ungum listamönnum.

### Endurskin frá Evrópu og Ameríku

Í raun hefur íslenskur listamaður ávallt verið endurskin frá listframleiðslunni sem gerjast á hverjum tíma í Evrópu, og Ameríku. Og því eru nú líkt og annars staðar í gangi samtímis hér á landi ótal liststefnur, sem allar lúta ólíkum forsendum. Þannig getum við skoðað í reykvískum sýningarsölum hefðbundið landslag, abstraksjónir, Pop, Concept, Performance og nú allra síðast hið Nýja frjálsa málverk. Aftur á móti hefur lítið sem ekkert borið á listtegundum eins og Minimalist, Videolist, Copylist eða hreinni tæknifræðilegri list. En lítum ögn fram hjá eldri tjáningarformum eins og abstraktinu landslagsmálverkinu og poppinu, þá er varla nokkur vafi á því að Conceptlistin hefur ver-

ðið næstum alls ráðandi í hópi yngri listamanna hérlendis. Helstu frumkvöðlarnir hér hafa verið þeir Sigurður og Kristján Guðmundssynir og Hreinn Friðfinnsson, en þeir hafa allir verið búsettir í Hollandi síðastliðin áratug. Flestir conceptlistamenn hérlendis eru tengdir Nýlistasafninu, sem í raun hefur verið þeirra eini vettvangur. Þar hefur verið unnið ómetanlegt starf á síðastliðnum árum bæði við sýningar, heimildasöfnun og varðveislu listaverka.


Eins og fram hefur komið er conceptlistin í eðli sínu afar köld og vísindaleg, þar sem lögd er áhersla á að nota ákveðin

kerfi s.s. málvísindakerfi eða stærðfræðiformúlur til að sundurgreina „eðli listarinnar“. Þeir listamenn sem mest hefur borið á erlendis eru því oft á tíðum vel menntaðir heimspekingar eða raunvísindamenn, sem búa yfir ákveðinni þekkingu sem þeir nýta sér til að sundurgreina og setja fram sína listrænu sköpun.

Það hefur aftur á móti lítið farið fyrir þessari strangvísindalegu Conceptlist hérlendis. Verkin sem íslenskir conceptlistamenn hafa verið að framleiða einkennast umfram allt af ljóðrænni stemmningu. Hér hefur öllum vísindalegum kerfum verið ýtt til hliðar og í stað



Ekki telst venjulegt, að listamenn standi sameiginlega að mynd. Þó hefur það gerzt hér. Höfundar málverksins eru Helgi Þorgils Friðjónsson og Kristinn G. Harðarson.



Mynd eftir Magnús V. Guðlaugsson.